

Vífill Karlsson

Einar Þorvaldur Eyjólfsson

Hagvísir Vesturlands

FYRIRTÆKI Á VESTURLANDI

Fyrirtækjakönnun á Vesturlandi ásamt ýmsum staðtölum og viðhorfi íbúanna á atvinnutengdum málefnum

Skýrsla nr. 1 2014

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	1
2	Aðferð og gögn.....	2
3	Fyrirtækjakönnun	4
3.1	Um þátttakendur.....	4
3.2	Vísbendingar um gerð og uppbyggingu atvinnulífsins	5
3.3	Ferðaþjónusta og skapandi greinar	7
3.4	Staða fyrirtækja.....	8
3.5	Væntingar.....	9
3.6	Samkeppni/Markaðurinn.....	10
3.7	Skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar	11
3.8	Áskoranir.....	12
3.9	Sóknarfæri	13
3.10	Þjónusta við fyrirtæki	14
3.11	Stoðkerfið.....	15
3.12	Evrópusambandið	16
3.13	Kostir og gallar við að starfa á Vesturlandi.....	16
3.13.1	Akranes og Hvalfjörður.....	16
3.13.2	Borgarfjörður.....	18
3.13.3	Snæfellsnes	19
3.13.4	Dalir	20
3.13.5	Þjóðardemanturinn.....	20
3.14	Yfirvofandi breytingar á fyrirtækjunum	22
3.15	Hindranir í vegi breytinga.....	23
3.16	Hindrar velgengni fyrirtækja.....	24
3.17	Stoðir atvinnulífsins.....	26
4	Íbúakönnun.....	28
4.1	Óskir um möguleika á eigin atvinnurekstri	28
4.2	Menntun	29
4.3	Menntun eftir atvinnugreinum	29
4.4	Vinnusóknarsvæði Vesturlands.....	30
4.5	Starfsreynsla.....	30
4.6	Starfsaldur	30

4.7	Endurmenntun eftir fyrirtækjum.....	31
4.8	Starfshlutfall.....	31
4.9	Óskir um meiri fjölbreytni atvinnulífs	33
4.10	Óskir um meira atvinnuöryggi	33
4.11	Samantekt	35
5	Viðauki	36
5.1	Nánar um aldur, fjölda og starfsmannafjölda fyrirtækja.....	36
5.2	Atvinnugreinar – fullt heiti	36

1 INNGANGUR

Viðkvæmt efnahagsástand og óljós skilaboð um stöðu atvinnulífsins samhliða takmörkuðum upplýsingum um fyrirtæki í einstökum landshlutum á Íslandi voru hvatinn að skoðanakönnun þessari. Hún var gerð meðal fyrirtækja á Vesturlandi haustið 2013 og leitað var eftir upplýsingum um afkomu fyrirtækjanna til lengri og skemmri tíma, stöðu ýmissa rekstrarlegra þátta og viðhorfi forsvarsmanna fyrirtækjanna til ýmissa viðfangsefna og jafnvel pólitískra spurninga er snerta afkomu þeirra. Könnun þessi ætti einnig að gefa innsýn í ytra og innra rekstrarumhverfi fyrirtækjanna sem og hverjar áherslur forsvarsmanna eru um hvar best sé að sækja fram á næstunni.

Með niðurstöðum þessarar könnunar ættu Atvinnuráðgjöf Vesturlands, sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi og aðrir sem huga að atvinnuuppbyggingu á Vesturlandi að fá gleggri mynd af því hvar skóinn kreppir og mögulega hvernig best sé að styðja við frekari vöxt á svæðinu.

Skýrslan er byggð upp þannig að fyrst verður greint frá aðferðum og gögnum – þ.e. fáein orð um það hvernig gagnanna var aflað og úrvinnslu háttað. Því næst hefst sjálf greiningin og þar er helstu atvinnugreinum á Vesturlandi lýst, byggt á staðtölusamanburði og síðan verður fjallað um niðurstöður könnunarinnar. Niðurstöðunum er skipt upp í umfjöllun um bakgrunnsbreytur, þannig að lesandinn átti sig á eiginleikum gagnasafnsins, sem og styrkleikum og veikleikum niðurstaðnanna. Síðan verður greint frá stöðu fyrirtækjanna, væntingum þeirra, á hverskonar markaði þau starfa, áskoranir þeirra, sóknarfæri, mikilvægi og stöðu þeirrar þjónustu sem fyrirtækin þurfa og/eða fá. Þá verður fjallað um viðhorf fyrirtækjanna til stoðkerfisins, þess að starfa á Vesturlandi og Evrópusambandsins. Að lokum verður greint frá viðhorfum íbúa á Vesturlandi er varðar mál sem snerta atvinnulífið með beinum eða óbeinum hætti: Möguleika á eigin atvinnurekstri, menntun

íbúanna, hversu langt þeir sækja vinnu, starfsreynslu, starfsaldur, endurmenntun og ýmislegt fleira. Þær upplýsingar koma úr könnun meðal íbúa á Vesturlandi sem gerð var á miðju ári 2013.

Skýrslan var unnin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Höfundar skýrslunnar eru Vífill Karlsson og Einar Þorvaldur Eyjólfsson.


2 AÐFERÐ OG GÖGN

Spurningakönnunin á meðal fyrirtækja, var vefkönnun, sem lögð var fyrir stjórnendur fyrirtækja á Vesturlandi. Á listanum – sem unnin var í samstarfi við forsvarsmenn sveitarfélaga – voru 698 fyrirtæki og fengu þau öll boð um að taka þátt. Þar af var rúmur helmingur (55%) þeirra einkafyrirtæki. Listinn er talinn komast nokkuð nálægt því að ná til allra fyrirtækja á Vesturlandi. Helst vantar bændur og smáútgerðir á listann. 185 svör bárust og telst það nokkuð gott miðað við að þýðið gæti verið á bilinu 800 til 900 fyrirtæki sem fer eftir því hvort talin séu öll fyrirtæki á Vesturlandi, án tillits til þess hvort starfsemi er mikil eða lítil. Samtök sveitarfélaga hafa yfirleitt sett mörkin um litla veltu við veltu upp á 1 m.kr. eða minna á ári.

Í fyrri hluta skýrslunnar verður eingöngu stuðst við staðtölur frá Hagstofu Íslands og öðrum opinberum stofnunum. Framsetning þeirra er í stöplaritum.

Þá tekur við úrvinnsla fyrirtækjakönnunarinnar. Hún verður þannig að gögnin verða sett fram í stöplaritum þar sem annaðhvort einföld meðaltöl eða hlutföll verða birt – þ.e. fjöldi eða hlutföll þeirra fyrirtækja sem svöruðu spurningum með einum eða öðrum hætti. Þá verður reynt að brjóta svörun upp eftir atvinnugreinum, landsvæðum og eignarformi. Líkan reglulegra viðbragða (e. ordered response model) verður nýtt til greiningarinnar. Atvinnugreinarnar miðuðust við flokkun Hagstofunnar (sjá viðauka), eignarformið var flokkað í einkafyrirtæki, fyrirtæki í eigu sveitarfélags, ríkisfyrirtæki og sjálfseignarstofnanir. Þá var Vesturlandi skipt upp í fjögur mismunandi svæði, líkt og gert var í þeim íbúakönnunum sem gerðar hafa verið hjá SSV. Svæði eitt var Akranes og Hvalfjörður, svæði tvö Borgarbyggð og Skorradalshreppur, á svæði þrjú voru sveitarfélög á Snæfellsnesi og svæði 4 var Dalabyggð.


Sveitarfélög á Vesturlandi



Eins og áður sagði verður einnig fjallað um niðurstöður íbúakönnunar 2013 í þeim málum sem tengjast atvinnulífinu sérstaklega. Úrvinnsla og framsetning þeirra gagna verður með sambærilegum hætti og gagna fyrirtækjakönnunarinnar.

Fyrir utan hefðbundna áhugaverða þætti um fyrirtæki eins og afkomu til lengri og skemmri tíma og væntar breytingar í starfsmannahaldi tók upplýsingasöfnun mið af Demantslíkani Porters sem stundum er kallað Þjóðardemanturinn.

Demantslíkan Porters, einfaldari útfærsla.



Þjóðardemantur Porters greinir samkeppnisstöðu þjóðar. Samkeppnisstaða þjóðar fjallar ekki um það hvernig þjóðir keppa hver við aðra líkt og fyrirtæki gera, heldur fjallar samkeppnisstaða þjóðar miklu fremur um það hvernig aðstæður í þjóðfélaginu styðja við tiltekna atvinnugreinar, með beinum eða óbeinum hætti.

Þó Porter noti þetta líkan til þess að greina samkeppnisstöðu þjóðar þá getur hann þess einnig að líkanið sé ágætt til þess að greina samkeppnisstöðu einstakra landshluta eða svæða.

Eins og sést á mynd af Demantslíkani Porters þá hafa fjórir þættir bein áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar:

- *staða framleiðsluþátta*
- *staða eftirspurnar*
- *stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni*
- *skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar*

Þess utan hafa *stjórnvöld* og *tækifæri* einnig veruleg áhrif en með óbeinum hætti þó eða öllu heldur í gegnum þættina fjóra.

Greining á *stöðu framleiðsluþátta* byrjar á því að tilgreina framleiðsluþættina. Þeir eru greindir niður eftir hreyfanleika, hversu sértækir þeir eru, hvort stöðug endurnýjun og þróun þeirra sé í gangi svo eitthvað sé nefnt.

Með *stöðu eftirspurnar* er í grófum dráttum reynt að varpa ljósi á það að hvað miklu marki kaupendur hvetja framleiðslugreinarnar til dáða.

Það má segja að þátturinn *stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni* fjalli um það hvernig eigendur fyrirtækjanna og ytri markaðsaðstæður þrýsti á stjórnendur þeirra og hvetji þá þannig til stöðugrar hagræðingar og sóknar á arðbærari viðskiptatækifæri.

Skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar mynda sterkt net sem getur haft hag af því að skiptast á upplýsingum, sameinast um þróunarvinnu og skiptast á viðskiptasamböndum svo eitthvað sé nefnt. Með þessu getur myndast afar skapandi og hvetjandi samfélag í tilteknum atvinnuklasa. Við skulum víkja nánar að klösum á eftir.

Eins og áður sagði er tvennt annað sem hefur áhrif á samkeppnisstöðu samfélags. Það eru

tækifæri og stjórnvöld. *Tækifæri* eru skyndilegar ytri breytingar á högum samfélags. Þær geta bæði leitt til góðs og illis. Dæmi um þessar breytingar er iðnbyltingin, síðari heimstyrjöldin og tölvubyltingin sem allar veittu íslenska hagkerfinu tækifæri til þess að ná bættri samkeppnisstöðu. Aðrar breytingar gætu verið móðuharðindin en það voru skyndilegar neikvæðar „ytri breytingar“ sem rýrðu afkomumöguleika þjóðarinnar og þá einnig samkeppnisstöðu hennar.

Stjórnvöld hafa áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar. Með ákvörðunum sínum geta stjórnvöld bæði stuðlað að betri og verri samkeppnisstöðu þjóðarinnar. Það er ekki langt síðan margir voru þeirrar skoðunar að bein afskipti hins opinbera af atvinnulífinu bættu samkeppnisstöðu þjóðarinnar. Nú eru menn almennt á því að óbein afskipti skili meiri árangri. Dæmi um óbein afskipti er lagasetning sem stuðlar að eðlilegri samkeppni á sem flestum mörkuðum.

Þjóðardemanturinn gerir þó ráð fyrir að *tækifæri* og *stjórnvöld* hafi áhrif á samkeppnisstöðu samfélags í gegnum þættina fjóra.

3 FYRIRTÆKJAKÖNNUN


3.1 UM ÞÁTTTAKENDUR

Það tóku 177 fyrirtæki þátt í spurningakönnuninni. Svör bárust frá fyrirtækjum sem starfa í ólíkum atvinnugreinum en alls töldust þær tuttugu og ein. Flest fyrirtæki störfuðu í mannvirkjagerð, eða 21 talsins, og 20 fyrirtæki stunduðu verslun. Það voru 16 fyrirtæki sem komu úr annarri framleiðslu, 15 úr sérfræðiþjónustu og 14 fyrirtæki í gisti- eða veitingahúsarekstri. Aðrar atvinnugreinar töldust með 10 þátttakendur eða færri.


Helsti galli könnunarinnar var sá að hún hefði mátt ná til fleiri bænda og smábátasjómannna.

Þátttakendurnir í könnuninni dreifðust um allt Vesturland. Fæstir þeirra störfuðu í Dölunum en flestir á Snæfellsnesi eins og sjá má á tölunum þar sem 14 þátttakendur starfa í Dölunum, 49 á Akranesi og í Hvalfirði, 51 á Borgarfjarðarsvæði og 64 á Snæfellsnesi.


Fjöldi þátttakenda í könnuninni eftir atvinnugreinum



Fjöldi þátttakenda í könnuninni eftir starfsvæði þeirra




Fjöldi fyrirtækja í hverri atvinnugrein



3.2 VÍSBENDINGAR UM GERÐ OG UPPBYGGINGU ATVINNULÍFSINS


Rétt tæp 20% þátttakenda í könnunni voru starfandi útibú með höfuðstöðvar í öðru sveitarfélagi en 80% voru sjálfstætt starfandi rekstrareiningar á sínu svæði. Þegar Vesturland var brotið upp á milli svæða kom í ljós að þau voru hlutfallslega fæst 10% á Akranesi og í Hvalfirði og flest 27% á Borgarfjarðarsvæði.

Er fyrirtækið útibú eða starfsstöð fyrirtækis sem hefur höfuðstöðvar sínar í öðru sveitarfélagi?




Á Borgarfjarðarsvæði þar sem flest útibúin starfa eru einkafyrirtækin einnig fæst. Svo virðist sem vægi útibúa sé í öfugu hlutfalli við vægi einkafyrirtækja sem bendir til að útibúin séu helst opinber fyrirtæki.

Hvernig er eignarhaldi fyrirtækisins best lýst?




Flest fyrirtækin í könnunni eru einkafyrirtæki eða 127 talsins, 15 fyrirtæki voru í eigu sveitarfélaga, 20 í eigu ríkisins og 8 voru sjálfseignarstofnanir. Einkafyrirtækin voru því 74% þátttakenda en þegar litið var til einstakra svæða voru einkafyrirtækin hlutfallslega flest 80% á Snæfellsnesi og fæst 63% í Borgarfirði.

Aldur fyrirtækja



Meðalaldur fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni var hæstur á Akranesi og í Hvalfirði en meðalaldur þeirra var um 30 ár. Næsthæstur meðalaldur fyrirtækja var á Borgarfjarðarsvæði eða um 27 ár, 23 ár á Snæfellsnesi og 17 ár í Döllum. (sjá nánar í viðauka)

Fjöldi eigenda, einkafyrirtæki




Flestir eigendur á bak við hvert einkafyrirtæki voru á Borgarfjarðarsvæði en þar voru um sjö

eigendur að meðaltali í hverju þeirra. Á Akranesi og Hvalfirði voru þeir að meðaltali um 6 í hverju fyrirtæki og fimm á Snæfellsnesi. Fæstir voru eigendur að fyrirtækjum í Dölum eða að meðaltali einn. (sjá nánar í viðauka)


landbúnaði að skekkja myndina hvað Snæfellsnes og Dali varðar sérstaklega.

Starfsmannafjöldi



Meðalstarfsmannafjöldi var kannaður og fjölmennustu vinnustaðirnir voru á sunnanverðu Vesturlandi (Akranesi, Hvalfirði og Borgarfjarðarsvæði). Næst kom Snæfellsnes með 15 og síðast Dalir með 2. (sjá nánar í viðauka)

Fjöldi starfandi kvenna hjá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni




Mun fleiri karlar virðast starfa í þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni eða 1787 karlar á móti 1478 konum þegar horft er til Vesturlands alls. Munar þar mest um að á syðri hluta Vesturlands eru 48% starfsmanna konur á meðan það á við um 51% starfsmanna á Snæfellsnesi og 57% í Dölunum. Þarna kann léleg þátttaka meðal fyrirtækja í sjávarútvegi og

3.3 FERÐAÞJÓNUSTA OG SKAPANDI GREINAR


Til þess að fá tilfinningu fyrir því hve víða ferðaþjónusta teygir anga sína voru fyrirtæki spurð að hve miklu leyti ferðamenn væru viðskiptavinir fyrirtækisins. Rúmur helmingur fyrirtækja á Vesturlandi á viðskipti við innlenda og erlenda ferðamenn en vægi þeirra er mismikið þó.

Að hve miklu leyti eru ferðamenn viðskiptavinir fyrirtækis þíns?




Flestir viðskiptavinir eru ferðamenn meðal fyrirtækja í gistingu, veitingum, menningu, leigustarfsemi og verslun.

Að hve miklu leyti eru ferðamenn viðskiptavinir fyrirtækis þíns?



Athygli vakti hvað það voru mörg fyrirtæki sem voru í einhverjum viðskiptum við ferðamenn en hlutfallslega voru þau flest í Dölunum. Á öðrum stöðum var hlutfallið svipað á milli staða.

Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?



Að sama skapi var áhugavert að fá vísbendingar fyrir því hversu stór hluti tekna kom frá skapandi greinum á Vesturlandi en meira en þriðjungur fyrirtækja hafa einhverjar tekjur af menningu og listum og hlutfallslega flest í Dölunum.


3.4 STAÐA FYRIRTÆKJA

Staða fyrirtækja á Vesturlandi virðist vera nokkuð góð. Þó er hún hlutfallslega best í Dölunum þegar horft er til allra mælikvarða: EBITDA sem og hagnaðar bæði til skemmri og lengri tíma.


Þá virðist langtímahagnaður vera nokkuð meiri en hann var í fyrra á öllum svæðum Vesturlands nema á Borgarfjarðarsvæði.

Frekari tölfræðigreining á svörum við langtímaafkomu þar sem borin voru saman svör eftir starfssvæðum og atvinnugreinum samtímis gaf hins vegar til kynna að afkoman væri óvenjulega á Snæfellsnesi. Það þýðir að þessi óvenjulega útkoma í Borgarfirði verður útskýrð með atvinnugreinasamsetningunni þar en ef horft er til atvinnugreinasamsetningarinnar á Snæfellsnesi hefði afkoman átt að vera mun betri en að jafnaði kemur fram í meðaltölunum. Fiskvinnsla, orkufyrirtæki, gisti- og veitingarekstur, sérfræðiþjónusta, upplýsingatæknifyrirtæki og fyrirtæki í annarri framleiðslu komu sérlega vel út og voru oftast með hagnað undanfarin 5-10 ár.


Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári?



Hver var EBITDA á síðasta starfsári?



Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár?




3.5 VÆNTINGAR

Fyrirtæki á Vesturlandi eru bjartsýn þegar horft er til svara við spurningum sem lúta að væntingum þeirra um framtíðina. Það voru spurningar um breytingu á starfsmannafjölda, framtíðartekjum og aðstæðum í efnahagslífinu.


Tæplega fjórðungur fyrirtækja á Vesturlandi telja að starfsmönnum þeirra eigi eftir að fjölga lítið eitt á næstu 12 mánuðum. Um 65% fyrirtækja sjá fyrir sér óbreyttan fjölda starfsmanna en tæplega 10% sjá fyrir sér fækkun starfsmanna, þar af eru innan við 2% fyrirtækja sem gera ráð fyrir að starfsmönnum eigi eftir að fækka mikið. Niðurstöðurnar benda til þess að fleiri fyrirtæki á Vesturlandi sjá fyrir sér fjölgun starfa frekar en fækkun sem ætti að birtast í aukinni eftirspurn eftir vinnuafli á svæðinu. Það að 90% fyrirtækja á Vesturlandi sjái fyrir fjölgun eða óbreyttan fjölda starfa gæti verið vísbending um gott starfsöryggi fyrir íbúa svæðisins.

Almennt séð virðast fyrirtæki í Dölunum vera bjartsýnni en á öðrum svæðum á Vesturlandi. Við nánari tölfræðigreiningu virðist það vera rakið til samsetningar þeirra fyrirtækja sem tóku þátt fremur en landsvæðisins sjálfs. Þetta kann að tengjast hröðum vexti í ferðaþjónustu en áður hafði komið fram að ferðamenn væru stór hluti viðskiptavina fyrirtækja í Dölunum og á Borgarfjarðarsvæði.


Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?



Telur þú að heildartekjur ársins 2013 verði meiri, svipaðar eða minni en árið 2012?



Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mán.?




3.6 SAMKEPPNI/MARKAÐURINN

Samkeppni er almennt talin æskileg neytendum og atvinnulífínu. Skortur á samkeppni tekur eðlilegt aðhald og hvata frá fyrirtækjum og gerir þau sljó. Við þetta dregur úr nýsköpun og frumkvæði forsvarsmanna þeirra sem hafa tilhneigingu til að hækka vöruverð og fæla íbúa frá og grafa þar með undan fyrirtækjunum þegar til lengri tíma er litið.


Samkeppnin virðist vera mest á svæði Akraness og Hvalfjarðar en hún minnkar eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu og samfélögin verða fámennari. Þess utan er alþjóðleg samkeppni mest á Snæfellsnesi og minnst í Dölunum.

Viðskiptavinir fyrirtækisins búa flestir erlendis




Algjörlega og frekar sammála fullyrðingunni

Viðskiptavinir fyrirtækisins eru flestir búsettir utan sveitarfélagsins



Fyrirtækið er í samkeppni við mörg fyrirtæki




3.7 SKYLDAR ATVINNUGREINAR OG STUÐNINGSGREINAR


Samkvæmt Þjóðardemantinum og fleiri kenningum um vöxt og viðgengi byggða hefur það þótt mikilvægt að það séu skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar á næsta leyti og ekki verra að af því skapist fyrirtækjaklasar. Fáeinar spurningar miðuðust að því að fá tilfinningu fyrir hversu mikið fyrirtæki á Vesturlandi ættu í viðskiptum og samstarfi sín í milli.

Þegar horft er til svara við þeirri spurningu hvort birgjar og þjónustuaðilar séu utan sveitarfélagsins, hvort að viðskiptavinir séu flestir búsettir utan sveitarfélagsins og hvort fyrirtækin séu í samstarfi við önnur fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi, kemur í ljós að Akranes og Hvalfjörður koma sterkast út að þessu leyti. Þar eiga fyrirtæki mest í viðskiptum og samstarfi innan sveitarfélagsins eða innan Vesturlands. Í kjölfarið kemur Borgarfjarðarsvæðið og fast á hæla þess eru Dalirnir.

Fyrirtækið er í samstarfi við önnur fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi




Þjónustuaðilar/birgjar fyrirtækisins eru flestir utan sveitarfélagsins




3.8 ÁSKORANIR

Fyrirtæki í Dölunum virðast vera í mestri þörf fyrir rekstrar- og markaðsráðgjöf en í engri fyrir endurskipulagningu sem þörf er fyrir á öðrum svæðum. Á þeim svæðum þar sem þörf er fyrir rekstrar- og markaðsráðgjöf er staðan svipuð innbyrðis en samt minni en í Dölunum. Þá er helst að kallað sé eftir endurskipulagningu á syðri hluta Vesturlands.


Fyrirtækið hefur þörf fyrir endurskipulagningu



Fyrirtækið hefur þörf fyrir markaðsráðgjöf



Fyrirtækið hefur þörf fyrir rekstrarráðgjöf



3.9 SÓKNARFÆRI


Athygli vakti að fyrirtækin, sem tóku þátt í könnuninni, telja helstu sóknarfærin vera í markaðsaðgerðum en þrjú af fimm efstu atriðum, sem nefnd voru, tengjast þeim, þ.e. ný markaðssvæði, ímyndarherferð og auglýsingarherferð. Þá er vörubrúun líka mjög ofarlega á blaði.

Hver eru helstu sóknarfæri fyrirtækisins?



Þegar gögnin voru brotin meira upp kom í ljós að það voru helst fyrirtæki í fiskvinnslu, annarri framleiðslu, gisti- og veitingarekstri, upplýsingatækni, fasteignaviðskiptum og menningar- og íþróttastarfsemi sem töldu sig verja miklum fjármunum til markaðsmála.


Fyrirtækið ver fjármunum í markaðsmál



Fyrirtæki í landbúnaði, fiskvinnslu, orkuvinnslu, mannvirkjagerð, gisti- og veitingarekstri, upplýsingatækni og sérfræðiþjónustu voru helst


á því að þau verðu fjármunum í rannsóknir og þróun.

Fyrirtækið ver fjármunum í rannsóknir og þróun



Fyrirtæki í fiskvinnslu, mannvirkjagerð, upplýsingatækni, sérfræðiþjónustu og heilbrigðisþjónustu voru helst á því að verja fjármunum í endurmenntun starfsmanna.


Fyrirtækið ver fjármunum í endurmenntun starfsmanna



3.10 ÞJÓNUSTA VIÐ FYRIRTÆKI


Þegar stjórnendur voru beðnir um að svara hvaða þjónusta eða aðföng væru mikilvæg fyrir starfsemi fyrirtækisins kom í ljós að nettengingar, starfsfólk og farsímasamband voru mikilvægustu þættirnir.

Hversu mikilvæg er eftirfarandi þjónusta/aðföng fyrir starfsemi fyrirtækisins?




Aðrir þættir sem gegna mikilvægu hlutverki í starfsemi fyrirtækja eru vegakerfi, raforka, símaþjónusta, heitt og kalt vatn, tölvuþjónusta og flutningaþjónusta. Rekstrarráðgjöf og hafnaraðstaða voru þeir tveir þættir sem þóttu lítt mikilvægir.

Hvert er mat þitt á stöðu eftirfarandi þjónustu/aðfanga þar sem fyrirtækið starfar?



Stjórnendur fyrirtækja voru yfirleitt jákvæðir gagnvart stöðu á þjónustu/aðföngum í því umhverfi sem þeir störfuðu í. Ánægðastir voru þeir með stöðu á köldu vatni og starfsfólki. Staða á rekstrarráðgjöf og hafnaraðstöðu þótti lökust.


Staða og mikilvægi þjónustu eða aðfanga á Vesturlandi?



Sterk fylgni er milli mikilvægi þjónustu/aðfanga og á stöðu þeirra í sveitarfélögunum. Eftir því sem að þjónustan/aðföng er mikilvægari þeim mun betri er staða þeirra í starfsumhverfinu og öfugt.


3.11 STOÐKERFIÐ

Fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfirði voru best upplýst um Sóknaráætlunina. Þau þekktu einnig best til nýsköpunarmiðstöðva. Að öðru leyti voru fyrirtæki frekar illa upplýst um stoðkerfi atvinnulífsins.



Þá var spurt út í hversu ósáttir með niðurfellingu fjárframlaga til sóknaráætlana landshluta þátttakendur væru. Þegar spurningakönnunin var hönnuð leit út fyrir að í það stefndi.


Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu með niðurfellingu fjárframlaga til Sóknaráætlana landshluta?



Um 56% þátttakenda á Vesturlandi reyndust ósáttir við niðurfellingu fjárframlaganna. Fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfirði auk Snæfellsness eru sáttari við niðurfellingu framlaga til Sóknaráætlunar Vesturlands. Að öðru leyti var enginn marktækur munur á afstöðu fyrirtækjanna þegar horft var til staðsetningar þeirra, atvinnugreinar eða


eignaforms. Þá kom einnig fram að þeim mun minna sem menn þekktu til Sóknaráætlunarinnar, þeim mun sáttari voru þeir við niðurfellingu fjárframlaganna. Takið eftir því að fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfirði voru best upplýst um sóknaráætlunina eins og áður sagði.

Hefur fyrirtækið þegið aðstoð eða þjónustu hjá Atvinnuráðgjöf Vesturlands?



Hlutfallslega fleiri fyrirtæki í Dölum og á Borgarfjarðarsvæði hafa þegið aðstoð hjá Atvinnuráðgjöf Vesturlands en fyrirtæki á Snæfellsnesi, Akranesi og í Hvalfirði. Þetta er í nokkru samhengi við þörfina á hverjum tíma.

Fyrirtæki hafa þegið stuðning hjá hinu opinbera




Fyrirtæki í landbúnaði, fiskveiðum, annarri framleiðslu, gisti- og veitingarekstri, sérfræðiþjónustu og fræðslustarfsemi voru helst sammála fullyrðingunni um að hafa þegið stuðning hjá hinu opinbera.


3.12 EVRÓPUSAMBANDIÐ

Þegar þátttakendur voru spurðir hvernig þeir vildu að framhaldi aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði háttáð kom í ljós að 11% vildu gera hlé, 36% vildu hefja viðræður á ný, 22% fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi viðræður en 25% slíta viðræðum.

Hvernig vilt þú að framhaldi aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði háttáð?



Hvaða áhrif myndi aðild Íslands að ESB hafa á rekstrarumhverfi þíns fyrirtækis?



Þriðjungur fyrirtækja á Vesturlandi telja að aðild Íslands að Evrópusambandinu hefði jákvæð áhrif á rekstrarumhverfi þeirra. Það eru töluvert fleiri fyrirtæki en þau sem telja að aðild hefði neikvæð áhrif þar sem einungis 16% voru á þeirri skoðun. Þessi niðurstaða kemur verulega á óvart þar sem sjávarútvegur er sterkur á Vesturlandi og

bændur allnokkrir – en andstaða við aðild hefur verið áberandi í þeirra röðum.

Við nánari greiningu kom í ljós að á Akranessvæði töldu forsvarsmenn fyrirtækja ESB hafa jákvæðari áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækjanna en almennt gerðist í könnuninni. Það á við um ríkisfyrirtæki líka. Þessi jákvæðni á Vesturlandi verður því einkum rakin á Akranessvæðið. Hins vegar er landbúnaður á öndverðum meiði en niðurstaðan markast þó af því að þátttaka bænda og fyrirtækja í fiskvinnslu og –veiðum var hlutfallslega minni í könnuninni en í reynd.

Athyglisvert er að sjá jákvæða afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja á Akranessvæðinu en hún er líkari þeirri afstöðu sem finna má á höfuðborgarsvæðinu fremur en á landsbyggðunum.


3.13 KOSTIR OG GALLAR VIÐ AÐ STARFA Á VESTURLANDI

Í þessum kafla og fram til kafla 4 verður greint frá svörum í opnum spurningum fyrirtækjakönnunarinnar. Miklu færri þátttakendur tóku þátt í opnum spurningum en þeim lokuðu (sem fjallað hefur verið um fram að þessu) en á móti eru svör þeirra mjög mikilvæg líka þar sem þeir nefna eingöngu það sem þeim brennur á hjarta. Úrvinnslan fór þannig fram að svörin voru flokkuð saman og stillt upp í súlurit og síðan var reynt að gefa upplýsingar um það helsta sem stóð á bak við hvern flokk. Í súluritunum má sjá þá flokka sem notaðir voru. Flokkunin tók mið af eðli svara hverju sinni.

3.13.1 AKRANES OG HVALFJÖRÐUR

Landfræðilegir þættir voru oftast nefndir sem kostir við að starfa á Akranesi og í Hvalfirði. Flestir þátttakendur nefndu nálægðina við höfuðborgarsvæðið sem helsta kosti þess að starfa á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Það stækkar markaðssvæði fyrirtækjanna og heldur fyrirtækjunum nærri viðskiptavinum og birgjum. Þá var nálægðin við stóriðjuna á Grundartanga

nefndur sem kostur. Einnig var haft orð á því að á svæðinu væri gott veðurfar.




Menningartengdir þættir voru 26% þeirra þátta sem nefndir voru um kosti þess að starfa á Vesturlandi. Stjórnendur fyrirtækja nefndu að á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit væri gott mannlíf og mikil samstaða væri í samfélaginu. Fólk væri framsækið og sýndi almenna velvild. Þá nefndu þátttakendur að á stöðunum væru góðir skólar, góð íþróttastaða og íbúar hefðu allt til alls á staðnum.

Þátttakendur töldu að smæð samfélagsins á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit væri jákvæð fyrir þeirra fyrirtæki; hún hjálpaði þeim að veita viðskiptavinum sínum persónulegri og betri þjónustu þar sem fyrirtækið væri í meiri nálægð við þá.

Stjórnendur nefndu að góðar samgöngur til og frá Akranesi og Hvalfjarðarsveit ykju starfsmöguleika fólks á svæðunum. Einnig voru nefndar stuttar vegalengdir til og frá vinnu og að boðleiðir milli aðila væru mjög stuttar.

Þátttakendur nefndu að þjónusta í nærumhverfinu væri til fyrirmyndar þannig að fyrirtæki ættu möguleika á að þróast og dafna. Einnig væri auðvelt fyrir fyrirtæki að sækja nauðsynlega þjónustu.

Stjórnendur fyrirtækja á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit töldu að þar væri auðvelt að fá gott starfsfólk sem héldist vel í vinnu.



Þegar stjórnendur fyrirtækja á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit voru beðnir um að nefna ókosti þess að starfa á Vesturlandi voru oftast nefndir ókostir í tengslum við atvinnulífið. Meðal þess sem var nefnt var að Akranes væri lágláunsvæði, einhæft atvinnulíf, erfitt væri að fá sérhæfða endurmenntun á svæðinu og að markaðurinn væri lítill. Þá var skortur á þekkingu á markaðsmálum á svæðinu nefndur og að of margir samkeppnisáðilar væru á svæðinu þar sem í einhverjum tilfellum væri um sérhæfða þjónustu að ræða. Þá var haft orð á því að markaðssetning fyrirtækja og stofnana skilaði sér ekki og að erfitt væri að fá hæft starfsfólk til starfa.

Stjórnendur nefndu nokkra ókosti er tengjast menningarlegum þáttum. Þættir sem voru nefndir í því samhengi voru íhaldssemi, fámenni, óvissa um fjármál heimila, neikvæðni í samfélaginu í kjölfar kreppu og að doði væri gagnvart nýtingu tækifæra, t.d. á sviði ferðaþjónustu. Þá var nefnt að lítið framboð væri á eignum og að heimamenn ásamt Vestlendingum þyrftu að vera duglegri að nýta sér þjónustu í heimabyggð.

Sá ókostur sem gjarnan var nefndur varðaði landfræðilega staðsetningu. Í því samhengi var bent á að Akranes væri ekki í alfaraleið, fjarlægð frá mikilvægu markaðssvæði. Það er greinilegt að staðsetningin er ókostur gagnvart sumum fyrirtækjum en kostur gagnvart öðrum.


Nefndir voru fjórir ókostir í tengslum við opinbera stjórnsýslu. Minnst var á veika grunngerð hins opinbera á svæðinu, að spilling væri ríkjandi hjá stjórnámálönnum og sveitarfélögum, að léleg stjórn væri á fjármálum bæjarins og að heilbrigðisþjónusta væri löskuð.

Einn stjórnandi nefndi að Akranes hefði átt erfitt með að gera sig gildandi sem áhugaverður staður fyrir ferðamenn.

3.13.2 BORGARFJÖRDUR

Landfræðilegir þættir voru oftast nefndir meðal stjórnenda fyrirtækja þegar þeir voru spurðir um helstu kosti þess að starfa á Vesturlandi. Þar voru nefnd nálægð við höfuðborgarsvæðið, starfssvæði og markaðssvæði fyrirtækis, staðsetning við þjóðveg 1 og að Borgarbyggð væri staðsett miðsvæðis á Vesturlandi. Einnig náttúrufegurð, landslag, aðgengi að orku, nægt landrými, auðveldar samgönguleiðir og stuttar vegalengdir í þá þjónustu sem fyrirtækin þörfuðust. Þá sögðu stjórnendur að Borgarbyggð væri gott sveitarfélag sem byði uppá þéttbýli og dreifbýli.


Nokkrir kostir voru nefndir er tengjast menningu eins og að Borgarbyggð hefði uppá margt að bjóða og þar væri mikil fjölbreytni. Aðrir kostir, sem voru nefndir, voru áhugi almennings á „fyrirtækinu“, frumkvæði einstaklinganna, fólkið, sagan og menningin.



Stjórnendur í Borgarbyggð töldu góðan mannauð og stöðugt vinnuafli sem helstu kosti atvinnulífsins. Aðrir kostir, sem voru nefndir í tengslum við atvinnulífið, var gott rannsóknarumhverfi, tryggir viðskiptavinir og að sóknarfæri væru í atvinnulífinu.

Nokkur atriði, er tengjast þjónustu, voru nefnd yfir kosti þess að vera með starfsemi á Vesturlandi. Nefnt var að þar væri gott framboð og ástand á húsnæði og að almenn búsetuskilyrði væru góð. Þá var þess getið að á svæðinu væri flest þjónusta til staðar.

Þá töldu stjórnendur í Borgarbyggð að í litlu samfélagi skapaðist tækifæri til persónulegri þjónustu og að fyrirtækið kæmist í meiri nálægð við viðskiptavininn. Það skilaði sér í aukinni viðskiptatryggð og betri þjónustu.



Meðal stjórnenda fyrirtækja í Borgarbyggð tengdust flestir ókostir atvinnulífinu á svæðinu. Dýrt og erfitt rekstrarumhverfi, lágtekjusvæði, erfiðleikar með aðföng vegna flutningaþjónustu og erfiðleikar að fá starfsfólk með sérfræðimenntun voru þættir sem voru nefndir. Aðrir þættir eins og fjármálaþjónusta á svæðinu, húsnæði, dýr orka og lítil uppbygging fyrir ferðþjónustu voru einnig nefndir. Þá voru taldir upp þættir eins og sveiflur í eftirspurn eftir þjónustu og skortur á tækifærum og krafti í atvinnulífinu. Í því samhengi vildu menn sjá fleiri ný fyrirtæki taka til starfa á svæðinu. Þá fannst stjórnendum þeir verða varir við þreytumerki í stjórnun og rekstri.

Landfræðilegir þættir voru jafnframt taldir upp sem ókostir meðal stjórnenda fyrirtækja í Borgarbyggð. Ýmist settu menn út á að fjarlægðin við höfuðborgarsvæðið væri of lítil eða of mikil. Þeir sem töldu að höfuðborgarsvæðið væri of nálægt töldu sig missa af viðskiptum en þeir sem töldu fjarlægðina of mikla horfðu í háan flutningskostnað. Annað sem nefnt var sem ókostur var kalt vatn á svæðinu.

Nokkrir ókostir sem tengdust stjórnsýslunni voru nefndir. Svöruðu menn því til að það vantaði meiri framtíðarhugsun í stjórnun sveitarfélagsins og að lítil þjónusta væri við sveitarfélagið sjálft og stofnanir þess, nokkuð sem mætti meðal annars rekja til áhugaleysis sveitarfélagsins. Þá var nefnt framtaksleysi meðal sveitarstjórnarinnar og að lítið væri um opinberar framkvæmdir. Þá var minnst á háar álögur sveitarfélagsins og að lítið væri hugsað um sveitina. Annar galli, sem var nefndur, var áhugaleysi yfirvalda gagnvart því að styðja við uppbyggingu fyrirtækja í sveitarfélaginu þegar kemur að skipulagsmálum. Þá var fjárhagsleg staða sveitarfélagsins talinn til ókosta.


Nokkur atriði tengd samgöngu- og fjarskiptamálum voru nefnd yfir helstu ókosti þess að starfa á Vesturlandi. Algengast var að slæmt netsamband væri nefnt en einnig voru aðrir þættir nefndir eins og slæmt símasamband, lélegir vegir sem og líttill snjómokstur.

Stjórnendur í Borgarbyggð töldu helstu ókosti, er varðaði samfélagsstærð, felast í fámenni á svæðinu, sérstaklega yfir vetrartímann. Þá nefndu menn að markaðurinn væri líttill.

3.13.3 SNÆFELLSNES

Helstu kostir þess að starfa á Vesturlandi að mati stjórnenda fyrirtækja á Snæfellsnesi féllu líka undir landfræðilega þætti. Stjórnendur á Snæfellsnesi nefndu í því samhengi nálægð við fiskimið og hráefni til starfseminnar. Einnig var nefnd náttúrufergurð, dreifbýli og að svæðið væri hæfilega langt frá höfuðborgarsvæðinu. Einnig

var talið til kosta að þar væri að finna heitt vatn, a.m.k. á hluta svæðisins.



Nokkrir kostir voru nefndir í tengslum við atvinnulíf á svæðinu. Nálægð við markað og viðskiptavini voru meðal helstu kosta sem nefndir voru. Meðal annarra kosta voru lítil samkeppni á svæðinu, góð hafnaraðstaða, hátt þjónustustig flutningsaðila, ódýrt húsnæði og almennt jákvætt rekstrarumhverfi. Þá var nefndur öflugur stuðningur við fyrirtæki af atvinnuþróunarfélaginu og góður rekstur á tilteknu sveitarfélagi. Þá var talið til kosta að töluvert viðhald væri á húsnæði og endurbyggingu gamalla húsa.


Stjórnendur fyrirtækja voru á því að á Snæfellsnesi væri góð stoðþjónusta og gott skólaumhverfi. Sem dæmi um góða þjónustu var nefnt að þar væri meðal annars ferja sem færi til Vestfjarða, góð aðstaða til útivistar, fínar sundlaugar og að þar mætti finna góða veitingastaði.

Nokkrir þættir voru nefndir er falla undir menningu í tengslum við helstu kosti þess að starfa á Vesturlandi. Stjórnendur voru almennt á því að gott væri að búa á Snæfellsnesi og þar væri gott samfélag. Þar mætti finna mikla hefð fyrir fiskverkun og útgerð og nálægð við viðfangsefni. Þá ríkti almennt jákvætt viðhorf til

starfsemi fyrirtækja, þar væri mikið af ferðamönnum og bæjarfélög væru snyrtileg.

Stjórnendur fyrirtækja litu á litla samfélagsstærð jákvæðum augum. Þannig skapaðist meiri nálægð við viðskiptavinum og því væri auðveldara fyrir fyrirtækin að uppfylla þarfir þeirra. Lítið samfélag, þar sem allir þekkja alla, gæti stuðlað að samvinnu í samkeppni og skapað nýja möguleika.

Ókostir þess að starfa á Vesturlandi? Snæfellsnes



Nokkrir ókostir voru nefndir er tengja má atvinnulífinu á svæðinu. Oftast var minnst á einhæft atvinnulíf og að meiri fjölbreytni vantaði fyrir menntað fólk. Þá nefndu stjórnendur skort á vinnuafli og að auka þyrfti samstarf á milli aðila og stuðning við minni fyrirtæki. Þá bentu menn á kostnaðarsamar markaðssetningar sem skiluðu litlu og að á svæðinu væri erfið samkeppni við svarta starfsemi. Aðrir þættir, sem voru nefndir, voru fagleg einangrun, að höfuðstöðvar sumra fyrirtækja væru í Reykjavík og þar væru ákvarðanir teknar er vörðuðu svæðið. Þá vildu stjórnendur sjá meiri uppbyggingu í sveitarfélaginu og kölluðu eftir auknu fjármagni til markaðssetningar.

Stjórnendur fyrirtækja töldu fjarlægð frá mörkuðum og flutningskostnað vegna þess helsta galla þess að starfa á Vesturlandi. Einnig væri dýrt að sækja ýmsa þjónustu í tengslum við starfsemi fyrirtækja sem væri ekki til staðar á svæðinu. Auk þess var minnst á skort á aðgengi að heitu vatni.

Nokkrir ókostir voru nefndir er vörðuðu samfélagsstærð á Snæfellsnesi. Þar var helst nefnt fámenni sveitarfélaganna sem takmarkaði þá þjónustu sem sveitarfélögin gætu veitt vegna minni tekna. Þess var einnig getið að stærð sveitarfélagsins gæti hamlað vexti fyrirtækisins, nema að fyrirtæki myndi leita út fyrir sveitarfélagið eftir verkefnum, þó svo að þess hafi ekki gerst þörf hingað til.

Stjórnendur fyrirtækja töldu að ókostir í tengslum við þjónustu væri hátt verð á vörum og þjónustu sem og að skortur væri á aukinni þjónustu í verslun og veitingum.

Sá ókostur var nefndur í tengslum við menningu að ekki þykir nægjanlega góð mæting meðal íbúa á ýmiss konar viðburði.

Þeir gallar, sem nefndir voru í tengslum við samgöngur og fjarskiptamál, voru slæmt vegakerfi, símkerfi og lélegar nettengingar.

3.13.4 DALIR

Stjórnendur fyrirtækja í Dalabyggð nefndu að helstu kosti þess að starfa á Vesturlandi væru þeir að þar væri enginn bægslagangur, miklir möguleikar væru í ferðaþjónustu og smæð samfélagsins og nálægðin sem henni fylgir.


Helstu ókostir þess að starfa á Vesturlandi að mati stjórnenda fyrirtækja eru smæð samfélagsins og nálægðin auk þess sem skortur sé á afþreyingu.

3.13.5 ÞJÓÐARDEMANTURINN

Þegar svör stjórnenda í opnum spurningum um kosti og galla þess að starfa á Vesturlandi var sett inn í Þjóðardemant Porters mátti greina samkeppnisstöðu hvers svæðis fyrir sig. Heilt yfir Vesturland má segja að ummæli þátttakenda tengdust helst stöðu framleiðsluþátta og


eftirspurnar en vægi þeirra er þó mismikið á einstökum svæðum innan landsfjórðungsins.

Akranes og Hvalfjörður




Á Akranesi og Hvalfjarðarsveit var staða eftirspurnar helsti kostur þess að starfa á Vesturlandi og jafnframt helsti galli þess. Staða framleiðsluþátta var næst oftast nefnd yfir kosti þess að starfa á svæðinu og skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar þar á eftir. Stjórnvöld voru næst oftast nefnd yfir galla þess að starfa á Vesturlandi eða í níu tilvikum. Á eftir stjórnvöldum var staða framleiðsluþátta nefnd í sjö tilvikum. Sé horft til munarins á milli ummæla um hvern þátt eru tveir þættir Þjóðardemantsins styrkleikar Akraness: Staða framleiðsluþátta og stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni.

Borgarfjarðarsvæði



Helsti kostur þess að starfa á Vesturlandi er staða framleiðsluþátta að mati stjórnenda fyrirtækja á Borgarfjarðarsvæði. Þar á eftir fylgja staða eftirspurnar og skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar. Staða framleiðsluþátta þykir líka helsti galli þess að starfa Vesturlandi. Þar á eftir fylgja staða eftirspurnar og stjórnvöld. Styrkleikar Borgarfjarðarsvæðis felast í stöðu eftirspurnar og skyldum atvinnugreinum og stuðningsgreinum þegar horft er til nettófjölda athugasemdanna.

Snæfellsnes




Á Snæfellsnesi er það staða framleiðsluþátta sem er helsti kostur þess að starfa á Vesturlandi. Þar á eftir fylgja staða eftirspurnar og skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar. Tveir gallar

voru áberandi oftast nefndir en það var annars vegar staða framleiðsluþátta og staða eftirspurnar. Styrkleikar Snæfellsness liggja í stöðu framleiðsluþátta og skyldum atvinnugreinum og stoðgreinum þegar kostir og gallar voru dregnir saman.

3.14 YFIRVOFANDI BREYTINGAR Á FYRIRTÆKJUNUM


Þegar stjórnendur fyrirtækja á Vesturlandi voru spurðir hvort að breytingar væru framundan kom í ljós að einhver fyrirtæki höfðu hug á breytingum á starfsemi sinni á næstu misserum.

Akranes og Hvalfjörður




Á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit dreifðist svarhlutfallið nokkuð jafnt. Flest fyrirtæki stefndu á að fara út í frekari vöruþróun, stækkun fyrirtækisins eða markaðsaðgerðir. Tvö fyrirtæki vildu bæta við þjónustu sína en tvö fyrirtæki sáu fram á frekari hagræðingu í rekstri. Eitt fyrirtæki sá fram að bæta við sig starfsmönnum og annað fyrirtæki vildi fara út í hlutafjárútkningu og breikka eignarhald félagsins.

Borgarfjarðarsvæði



Á Borgarfjarðarsvæðinu voru tveir þættir áberandi oftast nefndir þ.e. vöruþróun og hagræðing. Vöruþróunin fólst í auknu þjónustuframboði, eflingu verkþátta og að fyrirtæki sáu tækifæri í að færa hluta starfseminnar í ferðaþjónustu. Hvað varðar hagræðingu sáu menn fyrir sameiningarferli ýmiss konar, stærðarhagkvæmni í framleiðslu, úrbætur í umhverfismálum og aukna skilvirkni starfseminnar. Þrjú fyrirtæki sáu fram á stækkun og tvö fyrirtæki vildu fjölga starfsmönnum. Eitt fyrirtæki stefndi á frekari markaðsaðgerðir í tengslum við útflutning og eitt fyrirtæki ætlaði sér breytingar varðandi húsnæði.

Snæfellsnes




Flest fyrirtæki á Snæfellsnesi sáu fram á stækkun er fól m.a. í sér aukna framleiðslu, aukningu á gistirýmum og fjölgun skipa eða stækkun á vinnslu. Fimm fyrirtæki hugðust fara út í frekari markaðsaðgerðir með því að stækka

markaðssvæði, ná fram betri nýtingu á fjárfestingu og reyna vera sýnilegri á markaði. Fjögur fyrirtæki stefndu á frekari vöruþróun, bæði á vöru og þjónustu. Sami fjöldi sá fram á hagræðingu í rekstri með því að flytja fyrirtækið, lækka aksturskostnað, fækka starfsfólki og fækka starfsstöðvum.


Þegar svör stjórnenda við því, hvort fyrirtækið hefði hug á breytingum á næstu misserum, var sett inn í þjóðardemant Porters má greina hvar fyrirtækin hyggja á breytingar með tilliti til samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

Akranes og Hvalfjörður




Á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit hugðu flest fyrirtæki á breytingar er höfðu áhrif á stöðu eftirspurnar. Fimm fyrirtæki nefndu breytingar er vörðuðu stefnu fyrirtækis, uppbyggingu og samkeppni. Þrjú fyrirtæki stefndu á breytingar sem snerta stöðu framleiðsluþátta.

Borgarfjarðarsvæði



Á Borgarfjarðarsvæðinu hugðu flest fyrirtæki á breytingar er tengdust stöðu framleiðsluþátta eða 11 talsins. Níu fyrirtæki fyrirhuguðu breytingar er vörðuðu stefnu fyrirtækisins, uppbyggingu og samkeppni. Eitt fyrirtæki nefndi breytingar sem tengjast stöðu eftirspurnar.

Snæfellsnes




Líkt og á Borgarfjarðarsvæðinu hugðu flest fyrirtæki á Snæfellsnesi á breytingar í tengslum við stöðu framleiðsluþátta eða 10 talsins. Fimm fyrirtæki stefndu á breytingar er tengdust stöðu eftirspurnar og fjögur fyrirtækið á breytingar í tengslum við stefnu fyrirtækisins, uppbyggingu og samkeppni.

3.15 HINDRANIR Í VEGI BREYTINGA


Þegar stjórnendur fyrirtækja á Vesturlandi voru spurðir hvort að það væru einhverjar hindranir í vegi fyrir breytingum og þá hvaða hindranir það væru kom í ljós að skortur á fjármagni var stærsta hindrunin á öllum stöðum. Í því samhengi nefndu fyrirtæki m.a. óhagstæð lánskjör, skort á aðgengi að fjármagni hjá fjármálastofnunum, erfitt styrkjaumhverfi og að starfsemi skilaði ekki nægjanlegum arði.

Akranes og Hvalfjörður



Á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit var stærsta hindrunin fyrir breytingum á starfsemi fyrirtækisins skortur á fjármagni. Aðrir þættir, sem voru nefndir, voru skipulag, mannaúður, að skortur væri á fjárfestum og að eftirspurn mætti vera jafnari. Þá voru stjórnvöld, samkeppni og kostnaður nefndir sem hindrandi þættir sem stæðu í vegi fyrir breytingum á starfsemi fyrirtækja.

Snæfellsnes




Á Snæfellsnesi svöruðu flest fyrirtæki því til að skortur á fjármagni væri stærsta hindrunin fyrir breytingum á starfsemi fyrirtækja. Fimm fyrirtæki nefndu þætti sem tengdust eftirspurn og fjögur fyrirtæki nefndu stjórnvöld.

Í Dalabyggð var haft orð á því að skortur væri á framboði á húsnæði.

3.16 HINDRAR VELGENGNI FYRIRTÆKJA


Borgarfjarðarsvæði



Á Borgarfjarðarsvæðinu var skortur á fjármagni oftast nefnt sem hindrun sem stæði í vegi fyrir breytingum. Fimm fyrirtæki nefndu eftirspurn sem helstu hindrun breytinga og fjögur fyrirtæki nefndu stjórnvöld. Húsakostur stóð í vegi fyrir breytingum hjá þremur fyrirtækjum. Aðrir þættir, sem voru nefndir, voru staðsetning, samgöngur, mannaúður og grunngerð.

Fjölmargin þættir voru nefndir meðal stjórnenda fyrirtækja á Vesturlandi þegar þeir voru spurðir hverjar væru helstu hindranir fyrir velgengni fyrirtækja þeirra.


Akranes og Hvalfjörður



Á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit nefndu flestir stjórnendur stjórnvöld sem helstu hindrun fyrir velgengni fyrirtækja þeirra. Þar voru bæði ríki og sveitarfélög nefnd. Fimm fyrirtæki minntust á


fjármagnsskort í þessu sambandi og fjögur þætti er tengjast eftirspurn. Tvö fyrirtæki nefndu sundurlyndi og vísuðu þar í skort á samstarfi og samstöðu meðal hagsmunaaðila á svæðinu. Einnig voru nefndir þættir eins og mannauður, lög og reglugerðir og grunngerð.

Borgarfjarðarsvæði




Á Borgarfjarðarsvæðinu var eftirspurn oftast nefnd sem helsta hindrun fyrir velgengi fyrirtækis. Þar á eftir voru nefnd lög og reglugerðir og fjármagn, bæði aðgengi að því sem og hár fjármagnskostnaður. Þrjú fyrirtæki nefndu stjórnvöld en tvö staðsetningu og hagræðingu sem vísar til endurskipulagningar innan fyrirtækjanna. Einnig voru nefndir þættir eins og vöruúrval, skuldir, mannauður, húsnæði og grunngerð.

Snæfellsnes



Á Snæfellsnesi voru stjórnvöld og eftirspurn oftast nefnd sem helstu hindranir í velgengi fyrirtækja. Hvað stjórnvöld varðaði náðu svör stjórnenda bæði yfir starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Varðandi eftirspurn voru eftirfarandi þættir meðal annars nefndir: lítil markaður, fáir ferðamenn, samdráttur í efnahagslífi og gjaldþrot viðskiptavina. Þrjú fyrirtæki nefndu þætti eins og mannauð, lög og reglur, fjármagn, banka og aflaheimildir. Þá voru nefndir þættir eins og svört starfsemi, krónan, kostnaður, húsnæði og grunngerð.

Dalabyggð




Í Dalabyggð svöruðu þrjú fyrirtæki að eftirspurn væri helsta hindrunin fyrir velgengi fyrirtækjanna. Í því samhengi var nefnt að markaðurinn væri lítil, að tekjur færu lækkandi og hættan á fækkun ferðamanna. Einnig voru

nefndir þættir eins og samgöngur, mannauður og stjórnvöld.

3.17 STÖÐIR ATVINNULÍFSINS


Þegar stjórnendur voru spurðir hvað þeir teldu vanta á starfssvæði fyrirtækisins, sem gæti styrkt rekstur þess, voru svörin ólík eftir svæðum.

Akranes og Hvalfjörður




Á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit nefndu flest fyrirtæki að aukin eftirspurn á starfssvæðinu styrki rekstur þess. Í því samhengi nefndu stjórnendur að meiri stöðugleika vantaði í eftirspurnina, fleiri ferðamenn þyrfti á svæðið og að markaðssvæðið væri of lítið. Tvö fyrirtæki nefndu stjórnvöld, markaðsmál, mannauð og grunngerð. Einnig voru nefndir þættir eins og samstarf, samkeppni, rekstur, ráðgjöf og fjárfestingar.

Borgarfjarðarsvæði



Á Borgarfjarðarsvæðinu var mannauður oftast nefndur eða fimm sinnum. Í því samhengi nefndu stjórnendur skort á menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og starfsfólki með sérhæfingu á ákveðnum fagsviðum. Þá nefndu þrjú fyrirtæki grunngerð og eftirspurn og tvö fyrirtæki samstarf og fjármagn. Einnig voru nefndir þættir eins og stjórnvöld, sérhæfð þjónusta, markaðsmál, húsnæði, fjárfestingar og bankar.

Snæfellsnes



Líkt og á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit nefndu flestir stjórnendur á Snæfellsnesi að aukin eftirspurn myndi styrkja rekstur fyrirtækjanna. Fimm fyrirtæki nefndu grunngerð og í því samhengi var oftast nefnt að bæta þyrfti farsíma-

og netsamband á svæðinu. Einnig var nefnt hátt raforkuverð og heitt vatn auk þess að nauðsynlegt væri að hlúa að ferðamönnum með bættu aðgengi að áhugaverðum ferðamannastöðum. Einnig voru nefndir þættir eins og mannauður, sérhæfð þjónusta, markaðsmál, húsnæði, fjármagn og aflaheimildir.


Í Dalabyggð nefndu stjórnendur fyrirtækja að betra vegakerfi, opnara stjórnkerfi sveitarfélaga og aukin ferðaþjónusta og afþreying myndi styrkja rekstur þeirra.

4 ÍBÚAKÖNNUN

Í þessum kafla verður fjallað um svör við nokkrum spurningum úr íbúakönnun 2013 sem snerta rekstrarumhverfi fyrirtækja með beinum hætti. Í þeirri könnun voru rúmlega 1.100 þátttakendur.

4.1 ÓSKIR UM MÖGULEIKA Á EIGIN ATVINNUREKSTRI


Hverjir eru möguleikarnir á að fara í eigin atvinnurekstur



Fyrst ber að nefna mat íbúanna á möguleikum þeirra á því að ráðast í eigin atvinnurekstur. Um 36% svarenda töldu mjög eða frekar góða möguleika til eigin atvinnureksturs í sínu sveitarfélagi. Mun færri voru þessu ósammála. Karlar á Vesturlandi telja þessa möguleika meiri en konur. Þá telja þátttakendur á Snæfellsnesi möguleika þeirra á því að hefja eigin atvinnurekstur meiri en íbúar á öðrum svæðum Vesturlands. Það er merkileg niðurstaða þar sem umræða um nýliðun í sjávarútvegi hefur mikið verið rædd á undanförunum árum og hún talin mjög takmörkuð – en sjávarútvegur er hvergi stærri atvinnugrein á Vesturlandi en á Snæfellsnesi.


Þá telur yngsta fólkið (18-36 ára) á vinnumarkaði möguleika til eigin atvinnureksturs minni en þeir sem eldri eru.

Hversu miklu máli skipta möguleikarnir á að fara í eigin atvinnurekstur fyrir áframhaldandi búsetu?




Þegar spurt var hversu miklu máli þessir möguleikar skiptu fyrir áframhaldandi búsetu þeirra á Vesturlandi kom í ljós að 61% þátttakenda töldu það skipta mjög miklu og frekar miklu máli. Karlar voru frekar á þeirri skoðun en konur. Íbúar á Akranessvæði voru miklu síður á þeirri skoðun en aðrir íbúar Vesturlands. Fólk með börn á heimilinu töldu þennan möguleika síður mikilvægari en þeir sem ekki áttu börn. Þá taldi yngra fólk þetta vera mikilvægari þátt en þeir sem eldri voru.

4.2 MENNTUN




20% þátttakenda höfðu eingöngu grunnenntun. Menntunin var minnst hjá yngstu þátttakendum (18-26 ára) og þeim elstu (66+). Annar marktækur munur mældist ekki á milli einstakra hópa á Vesturlandi.

4.3 MENNTUN EFTIR ATVINNUGREINUM




4.4 VINNUSÓKNARSVÆÐI VESTURLANDS




26% Vestlendinga starfa í a.m.k. 11 km fjarlægð frá heimili sínu. Konur fara ekki eins langt eftir vinnu og karlar auk þess sem eldra fólk sækir líka vinnu um skemmri veg.

4.5 STARFSREYNSLA



Þegar spurt var um starfsaldur í núverandi starfi kom í ljós að meðalstarfsreynsla er á bilinu 11,2 og 13,2 ár á Vesturlandi. Þessi munur er þó ekki marktækur á milli svæða. Konur eru hins vegar með marktækt minni starfsaldur en karlar á Vesturlandi.


4.6 STARFSALDUR



Einnig var spurt hver starfsaldur hjá núverandi atvinnurekanda væri og kom fram að hann var á bilinu 9,3-12,1 ár. Það var ekki marktækur munur á milli svæða. Engin marktækur munur var á milli kynja hvað starfsaldur snertir.

4.7 ENDURMENNTUN EFTIR FYRIRTÆKJUM

Sótt eða varið tíma í sí- eða endurmenntun, á sl. 2 árum



Fólk á Akranessvæði sækir betur sí- og endurmenntun en aðrir íbúar Vesturlands. Þá eru konur og eldra fólk duglegri að sækja sér slíka þjónustu en karlar og yngra fólk.

Sótt eða varið tíma í sí- eða endurmenntun, á sl. 2 árum.




Fólk sem starfar í landbúnaði á Vesturlandi virðist vera duglegast að sækja sér sí- og endurmenntun. Fast á hæla því kemur starfsfólk í skólum (Fræðslustarfsemi), veitustarfsemi og í opinberri stjórnsýslu. Starfsfólk í ferðaþjónustu

(Rekstur gististaða og veitingarekstur), fiskveiðum og flutningastarfsemi leita sjaldnast eftir sí- og endurmenntun.


4.8 STARFSLUTFALL

Starfshlutfall þeirra sem eru í vinnu



Í skoðanakönnuninni voru þátttakendur beðnir um að gefa upp starfshlutfall sitt. Meðalstarfshlutfall á Vesturlandi er 96,5%. Íbúar Borgarfjarðarsvæðis vinna mest, síðan íbúar Akranessvæðis, þá Snæfellingar og Dalamenn minnst. Fólk á aldrinum 46-56 ára vinna mest. Konur vinna miklu minna en karlar á Vesturlandi. Forvitni lék á því að kanna hvort það væri svæðisbundinn munur á vinnuframlagi kvenna á Vesturlandi og í ljós kom að það var mjög svipað allsstaðar nema helst í Dölunum þar sem þær virtust vinna heldur minna en konur á hinum svæðunum þremur.


Starfshlutfall þeirra sem eru í vinnul



Starfshlutfall er mest hjá þeim sem vinna við menningar-, íþrótt og tómstundastarfsemi, aðra framleiðslu og í upplýsinga- og fjarskiptageiranum. Starfshlutfall var að jafnaði lægst hjá þeim sem voru með atvinnurekstur inni á heimilinu, unnu á gististöðum og í veitingarekstri sem og í landbúnaði og skógrækt.


4.9 ÓSKIR UM MEIRI FJÖLBREYTNÍ ATVINNULÍFS

Hver er fjölbreytni atvinnulífsins í mínu sveitarfélagi?



Tæplega 30% þátttakenda töldu fjölbreytni atvinnulífsins mjög mikla eða frekar mikla. Um 44% voru hins vegar á öndverðri skoðun. Enginn munur var á viðhorfi þátttakenda eftir kyni. Þá eru íbúar á Akranesi og í Hvalfirði ánægðastir með fjölbreytni atvinnulífsins, þá Snæfellingar, síðan íbúar Borgarfjarðarsvæðis en Dalamenn voru lang óánægðastir. Þetta er mynstur sem búast mátti við. Eina sem kemur á óvart er að Snæfellingar séu ánægðari en Borgfirðingar því aðrar mælistikur benda til að atvinnulíf sé fjölbreyttara í Borgarfirði en á Snæfellsnesi. Að vísu er mjög fjölbreytt atvinnulíf í Stykkishólmi m.v. staðsetningu og stærð samfélagsins. En væntingar og viðhorf íbúanna geta verið mismunandi eftir byggðarlögum og mótað afstöðu sem þessa. Þá var óánægjan með fjölbreytni atvinnulífsins mest hjá fólki á aldrinum 26-36 ára. Þetta kann að tengjast menntun þessa fólks en menntunarstig ungs fólks hefur hækkað á undanförunum árum.


Hversu miklu máli skiptir fjölbreytni atvinnulífsins fyrir áframhaldandi búsetu mína?



Langstærstur hluti Vestlendinga, eða 83%, töldu fjölbreytni atvinnulífsins skipta mjög eða frekar miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu þeirra. Snæfellingar töldu fjölbreytni atvinnulífsins skipta mestu máli fyrir áframhaldandi búsetu þeirra, þá íbúar Borgarfjarðarsvæðis, síðan Akranessvæðis en síst Dalanna. Þá töldu yngri íbúar þetta skipta meira máli en eldri íbúar. Konur voru frekar á þeirri skoðun en karlar en munurinn var ekki marktækur.


4.10 ÓSKIR UM MEIRA ATVINNUÖRYGGI

Hvert er atvinnuöryggið í mínu sveitarfélagi?



47% Vestlendinga telja atvinnuöryggið mjög eða frekar mikið í sínu sveitarfélagi. 21% telja það hins vegar vera frekar eða mjög lítið. Þá töldu Borgfirðingar atvinnuöryggið minnst í sínu sveitarfélagi, síðan Dalamenn, þá íbúar á Akranessvæði en Snæfellingar voru ánægðastir með atvinnuöryggið þar. Fólk á aldrinum 26-36 og 56-66 ára var óánægðast með atvinnuöryggi sitt. Konur höfðu meiri áhyggjur (36%) af atvinnuöryggi sínu en karlar.

Hversu miklu máli skiptir atvinnuöryggi fyrir áframhaldandi búsetu mína?



Þegar íbúar Vesturlands voru spurðir að því hversu miklu máli atvinnuöryggi skipti þá fyrir áframhaldandi búsetu þeirra kom í ljós að 63% voru á því að það mjög miklu máli. Við nánari rýni kom í ljós að atvinnuöryggi skipti konur á Vesturlandi meira máli fyrir áframhaldandi búsetu en karla. Enn fremur skipti atvinnuöryggi íbúa Snæfellsness mestu máli, þá Borgarfjarðar, þar á eftir Akranessvæðis en síst íbúa Dalanna. Það er skiljanlegt í ljósi þess að sveiflur í umsvifum í sjávarútvegi hafa verið miklar og tíðar. Um leið og kvótakerfið hefur á vissan hátt skapað stöðugleika í hráefnisöflun hafa nýir óvissuþættir komið í staðinn eins og þeir hvort aflaheimildir séu til staðar í byggðarlaginu. Þá varð stöðvun Hörpuskelveiða árið 2002 mikið áfall í Grundarfirði og sérstaklega í Stykkishólmi. Ekkert einhlítt aldursmunstur kom út í afstöðu til þessarar spurningar. Fólk á aldrinum 26-36 ára og 56-66 ára hafði mestar áhyggjur af atvinnuöryggi sínu.

4.11 SAMANTEKT

Þessi samantekt verður stutt þar sem ekki náðist vel til bænda og smábátasjómannanna í könnuninni er ekki gert of mikið úr landfræðilegum samanburði. Þá er líka vísað beint til meginmáls vegna þess að þar var keppt um að halda knöppum stíl og láta myndirnar tala sínu máli. Þó var gerð tilraun til að draga eitthvað saman með einfaldri einkunnagjöf. Þannig fengu landsvæðin stig fyrir það hversu vel þau komu út úr einstökum spurningarflokkum: fjögur fyrir bestu útkomu og 1 fyrir þá verstu.

Samkvæmt þessari einföldu einkunnargjöf voru Akranes og Hvalfjörður hæst þá Borgarfjarðarsvæði, næst Snæfellsnes og Dalir (sjá næstu töflu).

	Akranes og Hvalfjörður	Borgarfjarðarsvæði	Snæfellsnes	Dalir
Staða fyrirtækja	2	1	3	4
Væntingar fyrirtækja	1	3	2	4
Samkeppni/markaðurinn	4	2	3	1
Uppbygging fyrirtækja	4	3	2	1
Skyldar atvinnugreinar...	4	3	1	2
Þróun	3	4	2	1
Samtals stig	18	16	13	13

Þættirnir sem metnir voru hafa skírskotun til spurningarflokka sem fjallað er um í samnefndum köflum - og byggja því á Demantslíkani Porters - nema í tilviki þróunar.

Þátturinn þróun þarfnast frekari útskýringar. Þar er horft til vilja fyrirtækjanna til að sækja fram og verja fjármunum í markaðsmál, rannsóknir og þróun og endurmenntun starfsmanna í kaflanum um sóknarfæri. Þar voru fyrirtæki á Borgarfjarðarsvæði jákvæðust.

Að öðru leyti má segja að allnokkur bjartsýni sé meðal fyrirtækja á Vesturlandi. Afkoman hefur verið nokkuð góð þegar til lengri tíma er litið og uppbygging virðist vera framundan. Sókn mun mest verða á sviði markaðsmála. Þá búa fyrirtækin við viðunandi samkeppnisstig.


Almennt má segja að forsvarsmenn fyrirtækja séu skapandi í hugsun. Auk þess gætti jákvæðni meðal þeirra í garð aðildar Íslands að Evrópusambandinu sem ber ákveðinn vott um aðlögunarhæfni og framsækni. Tölur yfir samvinnu fyrirtækjanna renna stoðum undir það.

Ekki er allt jákvætt um fyrirtæki á Vesturlandi að segja og aðbúnað þeirra. Fyrirtækin gætu verið betur upplýst um stoðkerfi atvinnulífsins. Framundan eru ýmsar áskoranir sem eru helst á sviði markaðsmála en að sama skapi eru það tækifæri líka. Þá tengist helsti galli við aðstæður fyrirtækjanna mest smæð samfélaganna og staðsetningu þeirra sem leiðir til einhæfni vinnuafslisins og þjónustu sem og dýrra flutninga. Þá hefur mikilvægi nettenginga aukist mikið og þróunin á Vesturlandi ekki haldið í við kröfurnar svo það helsta sé nefnt.

5 VIÐAUKI


5.1 NÁNAR UM ALDUR, FJÖLDA OG STARFSMANNAFJÖLDA FYRIRTÆKJA

Meðalaldur fyrirtækja



Meðalaldur fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni var hæstur á Akranesi en meðalaldur þeirra var tæp 34 ár. Næsthæstur meðalaldur fyrirtækja var í Snæfellsbæ eða um 27 ár, tæp 26 ár í Borgarbyggð og rúm 24 ár í Stykkishólmi. Meðalaldur fyrirtækja í Dalabyggð og Grundarfirði var svipaður eða um 17 ár en lægstur var hann í Hvalfjarðarsveit, um 16 ár.


Meðalfjöldi fyrirtækjaeigenda



Flestir eigendur á bak við hvert fyrirtæki voru í Snæfellsbæ en þar voru um níu eigendur að

meðaltali í hverju fyrirtæki. Í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit voru þeir að meðaltali um sjö í hverju fyrirtæki og rúmlega fimm á Akranesi. Um tveir eigendur voru að meðaltali í hverju fyrirtæki í Stykkishólmi og Grundarfirði en fæstir voru eigendur að fyrirtækjum í Dalabyggð eða að meðaltali einn.

Meðalstarfsmannafjöldi fyrirtækja



Meðalstarfsmannafjöldi var kannaður og fjölmennustu vinnustaðirnir voru í Hvalfjarðarsveit en þar störfuðu að meðaltali tæplega 29 manns hjá hverju fyrirtæki. Næst komu Akranes með tæplega 25 starfsmenn, Snæfellsnes með tæplega 23 og Borgarbyggð með um 19. Meðalstarfsmannafjöldi í Grundarfirði reyndist í kringum 10, í Stykkishólmi um 6 og í Dalabyggð var meðaltalið um 5 starfsmenn. Fámennustu vinnustaðirnir reyndust í Skorradalshreppi með um 4 starfsmenn og í Eyja- og Miklaholtshreppi með einn starfsmann.

5.2 ATVINNUGREINAR – FULLT HEITI

Heiti atvinnugreina miðast við atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands með fáeinum undirflokkum eftir því sem við á. Hér má sjá heiti atvinnugreina Hagstofunnar og þá

styttingu heita sem stuðst er við í þessari skýrslu (sjá næstu töflu).

Stytt heiti þessarar skýrslu	Atvinnugreinaheiti Hagstofu Íslands
Heimavinnandi	Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmis konar vöru á heimilum til eigin nota
Orkufyrirtæki	Rafmagns-, gas- og hitaveitur
Fasteignaviðskipti	Fasteignaviðskipti
Námur	Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu
Félagasamtök	Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi
Leigustarfsemi	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta
Fiskveiðar	Fiskveiðar
Fjármál og tryggingar	Fjármála- og vátryggingastarfsemi
Flutningar	Flutningar og geymsla
Menning og íþróttir	Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi
Upplýsingatækni	Upplýsingar og fjarskipti
Landbúnaður	Landbúnaður og skógrækt
Fiskvinnsla	Fiskvinnsla
Fræðslustarfsemi	Fræðslustarfsemi
Heilbrigðisþjónusta	Heilbrigðis- og félagsþjónusta
Opinber starfsemi	Opinber stjórnarsýsla og varnarmál; almannatryggingar
Gisting og veitingar	Rekstur gististaða og veitingarekstur
Sérfræðiþjónusta	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
Framleiðsla önnur	Önnur framleiðsla
Verslun	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
Mannvirkjagerð	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð